

Nordisk Textiltriennal 1980:

Um þessar mundir stendur yfir á Kjarvalsstöðum í Reykjavík sýningin Nordisk textiltriennal 1979–1980. Sýning þessi hefur farið um öll Norðurlöndin og er Ísland síðasta sýningarlandið. Nordisk textiltriennal var stofnað árið 1974 og eiga aðild að þessum samtökum textilfélögin á Norðurlöndunum. Sýningin sem nú er á Kjarvalsstöðum er önnur sýningin sem samtökin standa fyrir. Fjöldi verka frá hverju landi fer eftir íbúafjölda og á Ísland 8 verk á sýningunni eftir 7 listakonur, þær eru: Guðrún Auðunsdóttir, Ásgerður Búadóttir sem er sú eina sem á tvö verk á sýningunni, Gerla Geirsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Ragna Róbertsdóttir, Þorbjörg Þórðardóttir, Morgunblaðið ræddi við tvær þessara listakvæna, Þorbjörgu og Rögnu auk Ásrúnar Kristjánsdóttur sem er formaður íslenska textilfélagsins.

„Textillistin höfðar til svo margra“

Þorbjörg Þórðardóttir útskrifaðist úr textildeild Myndlista- og handíðaskólans árið 1970. Síðan hélt hún til Svíþjóðar þar sem hún nam í eitt ár í textildeild Konstfactskólans í Stokkhólmi. Þorbjörg kennir nú við textildeild Myndlista- og handíðaskólans Íslands.

„Ég kynntist vefnaði þegar ég var í lýðháskóla 17 ára gömul og fékk þá strax áhuga á að leggja fyrir mig myndvafnaði“, sagði Þorbjörg í samtali við Mbl.

„Mér hentar vel að vinna í ull, hún er svo mjúk viðkomu og höfðar líka til þad margra þar sem þetta er efni sem allir þekkja.“

— Er myndvafnaður viðurkennd grein myndlistar?

„Já, hann er það hér á landi. Félag íslenskra myndlistarmanna tekur inn vefara jafnt sem málara standist þeir þær kröfur sem félagið gerir. En það er ekki allsstaðar að myndvafnaður er viðurkennd grein myndlistar. Í Finnlandi á hann t.d. mjög erfitt uppdráttar en þar eru sterk textilfélög á bak við þá sem vinna við myndvafnaði.“

En ef maður stendur sig vel í myndvafnaði hér á landi þá er maður viðurkenndur listamaður alveg til jafns við t.d. málara.“

Þorbjörg á eitt verk á Nordisk textiltriennal-sýningunni á Kjarvalsstöðum, „Skyggni ágætt“.

„Myndin er nokkurs konar náttúrusemning og spilar vedrið þar dálítið inn í. Ég nota einungis ull í verkið og spenn hana og litaði að mestu leyti sjálf.“

— Að hverju vinnur þú núna?

„Ég er félagi í Gallerí Langbrók og við erum nú að flytja í húsnæði í Torfunni. Þar munum við setja upp miniatursýningu en þar verð-

ur hvert verk ekki stærra en 20 cm. Ég vinn nú að verkum á þá sýningu. Ég vinn auk þess við taubrykk sem selt er í Gallerí Langbrók. Ég reyni að skipta tíma mínum jafnt milli vefnaðarins og brykksins. Það er svo miklu rólegra að sitja við vefstólinn, þótt það geti stundum verið erfitt, og því kann ég mjög vel við þessa skiptingu“, sagði Þorbjörg að lokum.

„Vaxandi áhugi á textillist“

Ragna Róbertsdóttir listamaður á eitt verk á textilsýningunni. Ber það nafnið „Gamli kirkjugarðurinn“.

„Ég bý við gamla kirkjugarðinn og teppið sýnir útsýnið sem ég hef úr vinnustofnunni“, sagði Ragna í samtali við Mbl.

Ragna útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1967. Síðar var hún í tvö ár og nam textillist hjá Hildi Hákonardóttur við Myndlista- og handíðaskólann. Hildur var þá nýkominn úr námi erlendis og var þetta upphafið að textildeild skólans. Síðan hélt Ragna til Stokkhólms þar sem hún nam í textildeild Konstfactskólans í 1 ár. Eftir heimkomuna hefur Ragna bæði kennt og unnið fyrir sjálfa sig bæði að myndvafnaði og taubrykki.

„Ég veit ekki alveg hvers vegna ég ákvað að fara út í myndvafnaði“, sagði Ragna. „Ég fékk strax áhuga á þessari list og mér hefur alltaf hentað best að vinna í efni, hafa eitthvað áþreifanlegt milli handanna.“

— Var myndvafnaður ekki lítt þekktur hér á landi á þeim tíma?

„Jú, Ásgerður Búadóttir var eiginlega sú eina sem var þekkt hér fyrir myndvafnaði þá. Síðan hefur þetta smáþróast og vaxið og fólk er nú farið að hafa meiri áhuga á þessari tegund myndlistar.“

— Er hún þá viðurkennd til jafns við aðrar tegundir myndlistar?

„Hún hefur aldrei verið það, að minnsta kosti ekki til jafns við málverkið. En ég held að það sé allt að breytast núna. Fólk hér á landi hefur svo lítið séð af vefnaði sem er hrein myndlist. En þessar stóru textilsýningar sem haldnar hafa verið hafa breytt viðhorfi til



Þorbjörg Þórðardóttir við verk sitt „Skyggni ágætt“.

„Listgrein, sem karlmenn eru ekki búnir að eigna sér“

Rætt við tvær textillistakonur og formann Textilfélagsins



Ásrún Kristjánsdóttir formaður Textilfélagsins.

myndvafnaðar. Fólk sér að þetta er aðeins eitt tjáningarform myndlistarinnar“, sagði Ragna.

Auk þess að vinna við myndvafnað vinnur Ragna líka við taubrykk sem selt er í Gallerí Langbrók.

Listgrein kvænna

Íslenska Textilfélagið var stofnað árið 1975 og eru meðlimir þess nú 25, allt fólk sem fæst við myndvafnað, taubrykk og hönnun á efnum fyrir verksmiðjur. Eins og áður hefur komið fram er Ásrún Kristjánsdóttir formaður félagsins. Ásrún kennir grafik og taubrykk við myndlistadeild Fjölbautaskólans í Breiðholti, auk þess sem hún er meðlimur í Gallerí Langbrók. Hún var fyrst spurð að því hvers konar félag Textilfélagið væri?

„Textilfélagið er ungt og textilgreinin er ung hér á landi og verið að ryðja brautina. Félagið beitir sér fyrir því að kynna greinina hér á landi, bæði höfum við sýnt í skólum, haft kynningar- kvöld fyrir arkitekta o.fl. Textilfélagið hélt fyrstu sýningu sína í Norræna húsinu fyrir 2 árum og er ætlunin að halda slíkar sýningar annað hvert ár og einnig er á dagskránni að fara með sýningar um landið og þá mögulega í samfloti við Gallerí Langbrók enda erum við 10 félagar í Langbrókinni í Textilfélaginu.“

Innan Textilfélagsins er starfandi hópur sem hefur séð um fyrirgreiðslu Nordisk Textiltriennal hér á landi.

„Þeir sem þátt taka í sýningunni eru næstum einungis myndvafar“, sagði Ásrún. „Taubrykkjar taka lítið þátt í henni og liggja ýmsar ástæður þar að

baki. Til dæmis halda margir þeirra sýningar sjálfstætt í sínum heimalöndum. Mér þykir það mjög miður að ekki skuli vera meira um taubrykk á þessari sýningu þar sem greinin þarfnast kynningar hérlandis.“

— Hvert var upphafið að þessum norrænu sýningum?


„Fyrsta sýningin var haldin árið 1976. Hugmyndin er sprottin frá dönsku textillistakonunni Nanna Hertoft. Hún hefur líka séð um alla fyrirgreiðslu og haldið öllu gangandi síðan.“

En þetta sýningarform sem nú er notað er afskaplega þungt í vöfum og það hefur komið til tals að breyta því eitthvað. Til dæmis yrði það strax auðveldara ef sýningin yrði aðeins í 2–3 af Norðurlöndunum eða þá að 2–3 Norðurlönd tækju þátt í henni hverju sinni. Við getum heldur ekki búið við því að Norræni menningar-sjóðurinn vilji aftur styðja svo stórkostlegt fyrirtæki, hann hefur í mörg horn að líta.“

— Að lokum, hvers vegna hafa svo til einungis konur tileinkað sér textillistina?

„Það er ósköp eðlilegur hlutur. Konur eiga sér langa hefð í að vinna með garn og þráð. Á Norðurlöndunum voru það konurnar sem unnu inni og karlarnir úti. En með því að konur fara að láta til sín taka og kvenfrelsisbaráttan hefst er það ósköp eðlilegt að þær velji að tjá sig í því efni sem þeim er svo kunnugt.“

Þetta er grein sem karlmenn eru ekki búnir að eigna sér þannig að konur geta og eru sjálfar að móta stefnuna í greininni. Utanlands er það þó nokkuð algengt að karlmenn hafi valið sér þetta efni til listsköpunar“, sagði Ásrún að lokum.



Ragna Róbertsdóttir og verk hennar sem er á Nordisk Textiltriennal 1980: „Gamli kirkjugarðurinn“.